

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

Leqvio 284 mg stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

2. INNIHALDSLÝSING

Hver áfyllt sprauta inniheldur inclisiran natríum sem jafngildir 284 mg af inclisirani í 1,5 ml af lausn.

Hver ml inniheldur inclisiran natríum sem jafngildir 189 mg af inclisirani.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn (stungulyf).

Lausnin er tær, litlaus eða fölgul og í eðli sínu án agna.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Leqvio er ætlað fullorðnum með frumkomna kólesterólhækkun (arfblendna ættgenga og sem ekki er ættgeng) eða blandaða blóðfituröskun, sem viðbót við mataræði:

- ásamt statínum eða statínum með öðrum blóðfitulækkandi meðferðum hjá sjúklingum sem ná ekki viðmiðunarmörkum LDL-kólesteróls með hámarksskammti statíns sem þolist, eða
- eitt sér eða ásamt öðrum blóðfitulækkandi meðferðum hjá sjúklingum sem ekki þola statín eða mega ekki nota statín.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Ráðlagður skammtur er 284 mg inclisiran gefinn sem stök inndæling undir húð: sem upphafsskammtur, aftur eftir 3 mánuði og síðan á 6 mánaða fresti.

Skammtar sem gleymast

Ef fyrirhugaður skammtur gleymist og innan við 3 mánuðir hafa liðið á að gefa inclisiran og skömmtun haldið áfram samkvæmt upphaflegri skammtaáætlun sjúklings.

Ef fyrirhugaður skammtur gleymist og meira en 3 mánuðir hafa liðið á að innleiða nýja skammtaáætlun. Gefa á upphafsskammt inclisirans, aftur eftir 3 mánuði og síðan á 6 mánaða fresti.

Skipt úr meðferð með PCSK9 hemli sem er einstofna mótefni

Inclisiran má gefa strax eftir síðasta skammt af PCSK9 (proprotein convertase subtilisin kexin type 9) hemli sem er einstofna mótefni. Til þess að viðhalda LDL-kólesteróllækkun er ráðlagt að gefa inclisiran innan tveggja vikna frá síðasta skammti af PCSK9 hemli sem er einstofna mótefni.

Sérstakir hópar

Aldraðir (≥65 ára)

Ekki þarf að aðlaga skammta hjá öldruðum sjúklingum.

Skert lifrarstarfsemi

Ekki þarf að aðlaga skammta hjá sjúklingum með vægt skerta (Child-Pugh flokkur A) eða meðalskerta (Child-Pugh flokkur B) lifrarstarfsemi. Engar upplýsingar liggja fyrir hjá sjúklingum með verulega skerta (Child-Pugh flokkur C) lifrarstarfsemi (sjá kafla 5.2). Inklusirán á að nota með varúð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi.

Skert nýrnastarfsemi

Ekki þarf að aðlaga skammta hjá sjúklingum með vægt skerta, meðalskerta og verulega skerta nýrnastarfsemi eða sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi (sjá kafla 5.2). Takmörkuð reynsla er af notkun inklusirans hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi. Inklusirán á að nota með varúð hjá þessum sjúklingum. Sjá varúðarráðstafanir sem þarf að gera við blóðskilun í kafla 4.4.

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun inklusirans hjá börnum yngri en 18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Til notkunar undir húð.

Inklusirán er ætlað til inndælingar undir húð á kvið, aðrir staðir til inndælingar eru m.a. upphandleggur eða læri. Ekki á að gefa inndælingu á svæði með virkum húðsjúkdómi eða þar sem húð er sködduð t.d. vegna sólbruna, útbrot, bólgu eða húðsýkinga.

Hver 284 mg skammtur er gefinn með einni áfylltri sprautu. Hver áfyllt sprauta er eingöngu einnota.

Gjöf inklusirans á að vera í höndum heilbrigðisstarfsmanns.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Blóðskilun

Áhrif blóðskilunar á lyfjahvörf inklusirans hafa ekki verið rannsökuð. Þar sem brotthvarf inklusirans er um nýru á ekki að framkvæma blóðskilun fyrr en minnst 72 klst. eftir gjöf inklusirans.

Natríuminnihald

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Inklusirán er ekki hvarfefni algengra lyfjaflutningspróteina og ekki er gert ráð fyrir að það sé hvarfefni fyrir cytókróm P450, þótt *in vitro* rannsóknir hafi ekki verið gerðar. Inklusirán er hvorki hemill né virkir cytókróm P450 ensíma eða algengra lyfjaflutningspróteina. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir klínískt mikilvægum milliverkunum inklusirans og annarra lyfja. Samkvæmt þeim takmörkuðu upplýsingum sem liggja fyrir er ekki gert ráð fyrir milliverkunum við atorvastatin, rosuvastatin eða önnur statín, sem skipta máli klínískt.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Engar eða takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun inclisirans á meðgöngu. Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á æxlun (sjá kafla 5.3). Til öryggis ætti að forðast notkun inclisirans á meðgöngu.

Brjóstgjöf

Ekki er þekkt hvort inclisiran skilst út í brjóstamjólk. Fyrirliggjandi upplýsingar um lyfhrif og eiturefnafræði hjá dýrum sýna að inclisiran skilst út í móðurmjólk (sjá kafla 5.3). Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir börn sem eru á brjósti.

Vega þarf og meta kosti brjóstgjafar fyrir barnið og ávinning meðferðar fyrir konuna og ákveða á grundvelli matsins hvort hætta eigi brjóstgjöf eða hætta/stöðva tímabundið meðferð með inclisirani.

Frjósemi

Upplýsingar um áhrif inclisirans á frjósemi hjá mönnum liggja ekki fyrir. Dýrarannsóknir hafa ekki sýnt eiturverkanir á frjósemi (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Leqvio hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi lyfsins

Einu aukaverkanirnar sem tengdust inclisirani voru aukaverkanir á stungustað (8,2%).

Tafla með aukaverkunum

Aukaverkanir eru settar fram samkvæmt líffærakerfi (tafla 1). Tíðni er skilgreind samkvæmt eftirfarandi: mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$) og tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Tafla 1 Aukaverkanir sem greint var frá hjá sjúklingum sem fengu meðferð með inclisirani

Líffærakerfi	Aukaverkun	Tíðni
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Aukaverkanir á stungustað ¹	Algengar
¹ Sjá kaflann „Lýsing á völdum aukaverkunum“		

Lýsing á völdum aukaverkunum

Aukaverkanir á stungustað

Aukaverkanir á stungustað komu fram hjá 8,2% sjúklinga sem fengu inclisiran og 1,8% sjúklinga sem fengu lyfleysu í lykilrannsóknunum. Hlutfall sjúklinga í hvorum hópi sem hætti meðferð vegna aukaverkana á stungustað var 0,2% og 0,0%. Allar þessar aukaverkanir voru vægar eða meðal-alvarlegar, tímabundnar og gengu tilbaka án afleiðinga. Algengustu aukaverkanirnar sem komu fram á stungustað hjá sjúklingum sem fengu inclisiran voru viðbrögð á stungustað (3,1%), verkur á stungustað (2,2%), roði á stungustað (1,6%) og útbrot á á stungustað (0,7%).

Sérstakir hópar

Aldraðir

Af sjúklingunum 1.833 sem fengu meðferð með inclisirani í lykilrannsóknunum var 981 (54%) 65 ára eða eldri og 239 (13%) voru 75 ára eða eldri. Enginn heildarmunur á öryggi kom fram hjá þessum sjúklingum og yngri sjúklingum.

Ónæmissvörun

Í lykilrannsóknunum var prófað fyrir mótefni gegn lyfinu hjá 1.830 sjúklingum. Staðfest jákvæð svörun kom fram hjá 1,8% (33/1.830) sjúklinga fyrir lyfjagjöf og hjá 4,9% (90/1.830) sjúklinga meðan á 18 mánaða meðferð með inclisirani stóð. Enginn klínískt marktækur munur kom fram á verkun, öryggi eða lyfhrifum inclisirans hjá sjúklingum með jákvæða svörun fyrir mótefnum gegn inclisirani.

Rannsóknargildi

Í III. stigs klínísku rannsóknunum var hækkun lifrartransamínasa í sermi sem var á bilinu >1-föld eðlileg efri mörk og ≤3-föld eðlileg efri mörk algengari hjá sjúklingum sem fengu inclisiran (ALAT: 19,7% og ASAT: 17,2%) en hjá sjúklingum sem fengu lyfleysu (ALAT: 13,6% og ASAT: 11,1%). Þessar hækkningar fóru ekki yfir viðeigandi klínísk greinimörk sem eru 3-föld eðlileg efri mörk og voru án einkenna og tengdust ekki aukaverkunum eða öðru sem benti til starfstruflunar í lifur.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Engar aukaverkanir sem skipta máli klínískt komu fram hjá heilbrigðum sjálfbodaliðum sem fengu inclisiran í skömmum sem voru allt að þrefaldir meðferðarskammtar. Engin sérstök meðferð við ofskömmun inclisirans er fyrir hendi. Við ofskömmun á að meðhöndla sjúkling samkvæmt einkennum og grípa til stuðningsaðgerða eftir þörfum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Blóðfitulækkandi lyf, önnur blóðfitulækkandi lyf, ATC flokkur: C10AX16

Verkunarháttur

Inclisiran er kólesteróllækkandi, lítill tvíþátta ríbósakjarnsýru þöggunarbútur (siRNA [small interfering RNA]) tengdur táknþætti (sense strand) með þriggja greina N-acetylglactósamíni (triantennary GalNAc) til þess að auðvelda lifrarfrumum upptöku. Í lifrarfrumum nýtir inclisiran verkunarhátt RNA inngríps (RNA interference) og stýrir hvötuðu niðurbroti á mRNA fyrir PCSK9 (proprotein convertase subtilisin kexin type 9). Þetta eykur endurnýtingu viðtaka LDL-kólesteróls og tjáningu á yfirborði lifrarfruma sem eykur upptöku LDL-kólesteróls og dregur úr gildi LDL-kólesteróls í blóðrás.

Lyfhrif

Eftir staka gjöf 284 mg inclisirans undir húð var LDL-kólesteróllækkun greinileg á innan við 14 dögum eftir skammt. Meðallækkun LDL-kólesteróls um 49-51% sást 30 til 60 dögum eftir skammt. Á degi 180 var gildi LDL-kólesteróls áfram lækkað um u.þ.b. 53%.

Verkun og öryggi


Í klínískum rannsóknum og í einhverju birtu efni er 284 mg skammtur af inclisirani jafngildur og vísað í sem 300 mg af inclisirani natríumsalti.

Verkun inclisirans var metin í þremur III. stigs rannsóknum hjá sjúklingum með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar (kransæðasjúkdóm, sjúkdóm í heilaæðum eða sjúkdóm í útlægum slagæðum), áhættuþætti jafngilda áhættuþáttum fyrir hjarta- og æðasjúkdómum vegna æðakölkunar (sykursýki tegund 2, ættgenga kólesterólhækkun eða $\geq 20\%$ hættu á hjarta- og æðasjúkdómum næstu 10 árin samkvæmt áhættumati Framingham eða jafngildi) og/eða ættgenga kólesterólhækkun. Sjúklingar fengu hámarksskammt statína sem þoldist með eða án annarrar blóðfitulækkandi meðferðar og þurftu viðbótar LDL-kólesteróllækkun (sjúklingar sem voru ófærir um að ná settum meðferðarmarkmiðum). U.þ.b. 17% sjúklinga voru með óþol fyrir statínum. Sjúklingar fengu 284 mg inclisiran eða lyfleysu með inndælingu undir húð á degi 1, degi 90, degi 270 og degi 450. Sjúklingum var fylgt eftir að degi 540.

Áhrif inclisirans á tíðni hjarta- og æðasjúkdóma og dánartíðni af völdum þeirra hafa ekki enn verið staðfest.

Í III. stigs samantektargreiningunni lækkaði LDL-kólesteról eftir gjöf inclisirans undir húð á bilinu 50% til 55% strax á degi 90 (mynd 1) sem var viðhaldið við langtíma meðferð. Hámarks lækkun LDL-kólesteróls var náð á degi 150 eftir aðra lyfjagjöf. Lítilsháttar en tölfræðilega marktæk viðbótar LDL-kólesteróllækkun allt að 65% tengdist lægra upphafsgildi LDL-kólesteróls (u.þ.b. <2 mmól/l [77 mg/dl]), herra upphafsgildi PCSK9 og stærri skömmtum og öflugri statínum.

Mynd 1 Meðalprósentsbreyting frá upphafsgildi LDL-kólesteróls hjá sjúklingum með frumkomna kólesterólhækkun og blandaða blóðfituröskun sem fengu meðferð með inclisirani, samanborið við lyfleysu (samantektargreining)



Fjöldi sjúklinga	0	3	6	9	12	15	18	
Lyfleysa	1827	1796	1768	1733	1721	1695	1634	1651
Inclisiran	1833	1788	1792	1755	1741	1726	1646	1679

Hjarta- og æðasjúkdómur vegna æðakölkunar og jafngildir áhættuþættir

Tvær rannsóknir voru gerðar hjá sjúklingum með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar og jafngilda áhættuþætti (ORION-10 og ORION-11). Sjúklingar fengu hámarksskammt statína sem þoldist með eða án annarrar blóðfitulækkandi meðferðar eins og ezetimibs, og þurftu frekari LDL-kólesteróllækkun. Þar sem gert er ráð fyrir að LDL-kólesteróllækkun bæti niðurstöður varðandi hjarta- og æðasjúkdóma voru samsettu aðalendapunkturir í hvorri rannsókn prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 samanborið við lyfleysu og tímaaðlöguð prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og fram að degi 540 til að meta samþætt áhrif á LDL-kólesteról með tíma.

ORION-10 var fjölsetra, tvíblind, slembuð 18 mánaða samanburðarrannsókn með lyfleysu með 1.561 sjúklingi með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar.

Meðalaldur við upphaf var 66 ár (á bilinu: 35 til 90 ár), 60% þátttakenda voru ≥ 65 ára, 31% voru konur, 86% voru hvítir, 13% svartir, 1% asískir og 14% af rómönskum eða latneskum uppruna. Meðalupphafsgildi LDL-kólesteróls var 2,7 mmól/l (105 mg/dl). Sextíu og níu prósent (69%) voru á öflugum statínum, 19% á meðalöflugum statínum, 1% á vægum statínum og 11% voru ekki á statínum. Algengustu statínlyfin voru atorvastatin og rosuvastatin.

Inclisiran lækkaði marktækt meðalprósentubreytingu LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 samanborið við lyfleysu eða um 52% (95% CI: -56%, -49%; $p < 0,0001$) (tafla 2).

Inclisiran lækkaði einnig marktækt tímaaðlagaða prósentubreytingu LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og fram að degi 540 eða um 54% samanborið við lyfleysu (95% CI: -56%, -51%; $p < 0,0001$). Sjá viðbótarniðurstöður í töflu 2.

Tafla 2 Meðalprósentubreyting frá upphafsgildi og mismunur samanborið við lyfleysu á lípíðgildum á degi 510 í ORION-10

Meðferðarhópur	LDL-C	Heildar-kólesteról	Non-HDL-kólesteról	Apo-B	Lp(a)*
Meðalupphafsgildi í mg/dl**	105	181	134	94	122
Dagur 510 (meðalprósentubreyting frá upphafsgildi)					
Lyfleysa (n=780)	1	0	0	-2	4
Inclisiran (n=781)	-51	-34	-47	-45	-22
Mismunur samanborið við lyfleysu (meðaltal minnstu fervika) (95% CI)	-52 (-56, -49)	-33 (-35, -31)	-47 (-50, -44)	-43 (-46, -41)	-26 (-29, -22)
*á degi 540; miðgildi prósentubreytingar á lípíðgildum (Lp(a))					
**Meðalupphafsgildi í nmól/l fyrir Lp(a)					

Á degi 510 var markgildi LDL-kólesteróls $< 1,8$ mmól/l (70 mg/dl) náð hjá 84% af sjúklingum með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar sem fengu inclisiran samanborið við 18% sjúklinga sem fengu lyfleysu.

Samkvæm og tölfræðilega marktæk ($p < 0,0001$) prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 og tímaaðlöguð prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og að degi 540 kom fram hjá öllum undirhópunum óháð lýðfræðilegum upplýsingum og sjúkdómseinkennum við upphaf (þ.m.t. kyn, aldur, líkamsþyngdarstuðull, kynþáttur og statínnotkun við upphaf), samhliða sjúkdómum og landsvæðum.

ORION-11 var alþjóðleg, fjölsetra, tvíblind, slembuð 18 mánaða samanburðarrannsókn með lyfleysu þar sem lagt var mat á 1.617 sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar eða með jafngilda áhættuþætti. Meira en 75% sjúklinga voru á öflugri statínbakgrunnsmeðferð, 87% sjúklinga voru með hjarta- og æðasjúkdóma vegna æðakölkunar og 13% með jafngilda áhættuþætti.

Meðalaldur við upphaf var 65 ár (á bilinu: 20 til 88 ár), 55% þátttakenda voru ≥65 ára, 28% voru konur, 98% voru hvítir, 1% svartir, 1% asískir og 1% af rómönskum eða latneskum uppruna. Meðalupphafsgildi LDL-kólesteróls var 2,7 mmól/l (105 mg/dl). Sjötíu og átta prósent (78%) voru á öflugum statínnum, 16% á meðalöflugum statínnum, 0,4% á vægum statínnum og 5% voru ekki á statínnum. Algengustu statínlyfin voru atorvastatin og rosuvastatin.

Inclisiran lækkaði marktækt meðalpróscentubreytingu LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 samanborið við lyfleysu eða um 50% (95% CI: -53%, -47%; $p < 0,0001$) (tafla 3).

Inclisiran lækkaði einnig marktækt tímaaðlagða prósentubreytingu LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og að degi 540, um 49% samanborið við lyfleysu (95% CI: -52%, -47%; $p < 0,0001$). Sjá viðbótarniðurstöður í töflu 3.

Tafla 3 Meðalpróscentubreyting frá upphafsgildi og mismunur samanborið við lyfleysu á lípíðgildum á degi 510 í ORION-11

Meðferðarhópur	LDL-C	Heildar kólesteról	Non-HDL-kólesteról	Apo-B	Lp(a)*
Meðalupphafsgildi í mg/dl**	105	185	136	96	107
Dagur 510 (meðalpróscentubreyting frá upphafsgildi)					
Lyfleysa (n=807)	4	2	2	1	0
Inclisiran (n=810)	-46	-28	-41	-38	-19
Mismunur samanborið við lyfleysu (meðaltal minnstu fervika) (95% CI)	-50 (-53, -47)	-30 (-32, -28)	-43 (-46, -41)	-39 (-41, -37)	-19 (-21, -16)
*Eftir dag 540; miðgildi prósentubreytingar á lípíðgildum (Lp(a) gildum)					
**Meðalupphafsgildi í nmól/l fyrir Lp(a)					

Á degi 510 var markgildi LDL-kólesteróls $< 1,8$ mmól/l (70 mg/dl) náð hjá 82% sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar sem fengu inclisiran samanborið við 16% sjúklinga sem fengu lyfleysu. Hjá sjúklingum með jafngilda áhættu og áhættu vegna hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar var markgildi LDL-kólesteróls $< 2,6$ mmól/l (100 mg/dl) náð hjá 78% sjúklinga sem fengu inclisiran miðað 31% sjúklinga sem fengu lyfleysu.

Samkvæm og tölfræðilega marktæk ($p < 0,05$) prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 og tímaaðlagðri prósentubreytingu LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og að degi 540 kom fram hjá öllum undirhópum óháð lýðfræðilegum þáttum, sjúkdómseinkennum við upphaf (þ.m.t. kyn, aldur, líkamsþyngdarstuðull, kynþáttur og statínnotkun við upphaf), samhliða sjúkdómum og landsvæðum.

Arfblendin ættgeng kólesterólhækkun

ORION-9 var alþjóðleg, fjölsetra, tvíblind, slembuð 18 mánaða samanburðarrannsókn með lyfleysu með 482 sjúklingum með arfblendna ættgenga kólesterólhækkun. Allir sjúklingarnir fengu hámarksskammt statína sem þoldist, með eða án annarrar blóðfitulækkandi meðferðar eins og ezetimibs, og þurftu frekari LDL-kólesterólhækkun. Greining arfblendinnar ættgenrar kólesterólhækkunar var gerð annaðhvort með arfgerðargreiningu eða klínískum viðmiðum („ótvírætt ættgeng kólesterólhækkun“ samkvæmt viðmiðum Simon Broome eða viðmiðum WHO/Dutch Lipid Network).

Samsettir endapunktur voru prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 samanborið við lyfleysu, og tímaaðlöguð prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og fram að degi 540 til þess að meta samþætt áhrif á LDL-kólesteról með tíma. Lykilaukaendapunktur voru raunbreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510, tímaaðlöguð raunbreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og fram að degi 540 og prósentubreyting frá upphafsgildi að degi 510 á PCSK9, heildarkólesteróli, Apo-B, og non-HDL-C. Viðbótar aukaendapunktur voru m.a. einstaklingsbundin svörun við inclisiran og hlutfall sjúklinga sem náði heimsmarkmiðum fitugilda með tilliti til hættu á hjarta- og æðasjúkdómum vegna æðakölkunar.

Meðalaldur við upphaf var 55 ár (á bilinu: 21 til 80 ár), 22% þátttakenda voru ≥ 65 ára, 53% voru konur, 94% voru hvítir, 3% svartir, 3% asískir og 3% af rómönskum eða latneskum uppruna. Upphafsméðalgildi LDL-kólesteróls var 4,0 mmól/l (153 mg/dl). Sjötíu og fjögur prósent (74%) voru á öflugum statínum, 15% á meðalöflugum statínum og 10% voru ekki á statínum. Fimmtíu og tvö prósent (52%) sjúklinga fengu meðferð með ezetimíbi. Algengustu statínin voru atorvastatin og rosuvastatin.

Inclisiran lækkaði marktækt meðalprósentubreytingu LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 samanborið við lyfleysu um 48% (95% CI: -54%, -42%; $p < 0,0001$) (tafla 4).

Inclisiran lækkaði einnig marktækt tímaaðlagða prósentubreytingu LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og að degi 540 um 44% samanborið við lyfleysu (95% CI: -48%, -40%; $p < 0,0001$). Sjá viðbótarniðurstöður í töflu 4.

Tafla 4 Meðalprósentubreyting frá upphafsgildi og mismunur samanborið við lyfleysu á lípíðgildum á degi 510 í ORION-9

Meðferðarhópur	LDL-C	Heildar kólesteról	Non-HDL-kólesteról	Apo-B	Lp(a)*
Meðalupphafsgildi í mg/dl**	153	231	180	124	121
Dagur 510 (meðalprósentubreyting frá upphafsgildi)					
Lyfleysa (n=240)	8	7	7	3	4
Inclisiran (n=242)	-40	-25	-35	-33	-13
Mismunur samanborið við lyfleysu (meðaltal minnstu fervika) (95% CI)	-48 (-54, -42)	-32 (-36, -28)	-42 (-47, -37)	-36 (-40, -32)	-17 (-22, -12)
* Eftir dag 540; miðgildi prósentubreytingar á lípíðgildum (Lp(a))					
**Meðalupphafsgildi í nmól/l fyrir Lp(a)					

Á degi 510 var markgildi LDL-kólesteróls $< 1,8$ mmól/l (70 mg/dl) náð hjá 52,5% sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar sem fengu inclisiran samanborið við 1,4% sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóm vegna æðakölkunar sem fengu lyfleysu, en 66,9% sjúklinga sem fengu inclisiran í hópnum með áhættu jafngilda hjarta- og æðasjúkdómum vegna æðakölkunar náðu markgildi LDL-kólesteróls $< 2,6$ mmól/l (100 mg/dl) samanborið við 8,9% sjúklinga sem fengu lyfleysu.

Samkvæm og tölfræðilega marktæk ($p < 0,05$) prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi að degi 510 og tímaaðlöguð prósentubreyting LDL-kólesteróls frá upphafsgildi frá degi 90 og að degi 540 kom fram hjá öllum undirhópum óháð lýðfræðilegum þáttum, sjúkdómseinkennum við upphaf (þ.m.t. kyn, aldur, líkamsþyngdarstuðull, kynþáttur og statínnotkun við upphaf), samhliða sjúkdómum og landsvæðum.

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á inclisirani hjá einum eða fleiri undirhópum barna við meðferð á kólesterólhækkun (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

Eftir staka gjöf undir húð jókst altæk útsetning fyrir inclisirani u.þ.b. í réttu hlutfalli við skammta á bilinu 24 mg til 756 mg. Við ráðlagða 284 mg skammtaáætlun var hámarksplasmaþéttni náð á u.þ.b. 4 klst. eftir skammt með meðalgildi C_{max} 509 ng/ml. Þéttni náði ógreinanlegu gildi innan 48 klst. eftir skammt. Meðalgildi flatarmáls undir plasmaþéttni-tímaferli við skammta framreiknaða að óendanlegu var 7.980 ng*klst./ml. Lyfjahvörf eftir endurtekna skammta inclisirans undir húð voru svipuð og eftir staka lyfjagjöf.

Dreifing

Inclisiran er 87% próteinbundið *in vitro* við viðeigandi klíniska plasmaþéttni. Eftir stakan 284 mg skammt inclisirans undir húð hjá heilbrigðum fullorðnum var dreifingarrúmmál u.þ.b. 500 l. Samkvæmt forklínískum upplýsingum er upptaka inclisirans í lifur mikil og sértæk, en lifur er marklíffæri með tilliti til kólesteróllækkunar.

Umbrot

Inclisiran umbrotnar aðallega fyrir tilstilli núkleasa í styttri óvirk mislög núkleótíð. Inclisiran er ekki hvarfefni algengra lyfjaflutningspróteina og ekki er gert ráð fyrir að það sé hvarfefni fyrir cytókróm P450, þótt *in vitro* rannsóknir hafi ekki verið gerðar.

Brotthvarf

Helmingunartími brotthvarfs fyrir inclisiran er u.þ.b. 9 klst. og uppsöfnun verður ekki við endurtekna skammta. Sextán prósent (16%) af inclisirani skilst út um nýru.

Línulegt/ólínulegt samband

Í I. stigs klínísku rannsókninni varð aukning á útsetningu fyrir inclisirani sem var u.þ.b. í réttu hlutfalli við skammta eftir gjöf undir húð við skammta á bilinu 24 mg til 756 mg. Engin uppsöfnun varð og engar tímaháðar breytingar komu fram eftir endurtekna gjöf inclisirans undir húð.

Tengsl lyfjahvarfa og lyfhrifa

Í I. stigs klínísku rannsókninni var greinarmunur á lyfjahvarfabreytum inclisirans og lyfhrifum LDL-kólesteróls. Takmörkuð dreifing inclisirans til lifrarfrumna þar sem það er innlimað í flóka sem tekur þátt í RNA miðlaðri þöggun (RISC [RNA-induced silencing complex]) veldur langvarandi verkun, lengri en gert var ráð fyrir samkvæmt helmingunartíma brotthvarfs úr plasma sem er 9 klst. Hámarksáhrif með tilliti til LDL-kólesteróllækkunar komu fram með 284 mg skammti og áhrifin jukust ekki við stærri skammta.

Sérstakir hópar

Skert nýrnastarfsemi

Í greiningu á lyfjahvörfum með upplýsingum úr sérstakri rannsókn á skertri nýrnastarfsemi var greint frá u.þ.b. 2,3, 2,0 og 3,3-faldri aukningu á C_{max} fyrir inclisiran og u.þ.b. 1,6; 1,8 og 2,3-faldri aukningu á AUC hjá sjúklingum með vægt skerta (kreatínínúthreinsun [CrCL] 60 ml/mín. til 89 ml/mín.), meðalskerta (CrCL 30 ml/mín. til 59 ml/mín.) og verulega skerta (CrCL of 15 ml/mín. til 29 ml/mín.) nýrnastarfsemi samanborið við sjúklinga með eðlilega nýrnastarfsemi. Þrátt fyrir meiri tímabundna útsetningu í plasma á 48 klst. var LDL-kólesteróllækkun svipuð hjá öllum hópunum óháð nýrnastarfsemi. Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfhrifum með líkani er ekki ráðlagt að aðlaga skammta hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi. Samkvæmt mati á lyfjahvörfum, lyfhrifum og öryggi þarf ekki að aðlaga skammta hjá sjúklingum með vægt skerta, meðalskerta eða verulega skerta nýrnastarfsemi. Áhrif blóðskilunar á lyfjahvörf inclisirans hafa ekki verið rannsökuð. Þar sem inclisiran skilst út um nýru á blóðskilun ekki að eiga sér stað í minnst 72 klst. eftir gjöf Leqvio.

Skert lifrarstarfsemi

Í greiningu á lyfjahvörfum með upplýsingum úr sérstakri rannsókn á skertri lifrarstarfsemi var greint frá u.þ.b. 1,1 og 2,1-faldri aukningu á C_{max} fyrir inclisiran og u.þ.b. 1,3 og 2,0-faldri aukningu á AUC hjá sjúklingum með vægt skerta (Child-Pugh flokkur A) og meðalskerta I (Child-Pugh flokkur B) lifrarstarfsemi samanborið við sjúklinga með eðlilega lifrarstarfsemi. Þrátt fyrir hærri tímabundna útsetningu í plasma var LDL-kólesteróllækkun svipuð hjá öllum hópunum sem fengu inclisiran með eðlilega lifrarstarfsemi og vægt skerta lifrarstarfsemi. Hjá sjúklingum með meðalskerta lifrarstarfsemi við upphaf var PCSK9 gildi greinilega lægra og lækkun LDL-kólesteróls var minni en kom fram hjá sjúklingum með eðlilega lifrarstarfsemi. Ekki þarf að aðlaga skammta hjá sjúklingum með vægt eða meðalskerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh flokkur A og B). Leqvio hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh flokkur C).

Aðrir sérstakir hópar

Greining á lyfhrifum var gerð hjá 4.328 sjúklingum. Aldur, líkamsþyngd, kyn, kynþáttur og kreatínínúthreinsun hafði ekki marktæk áhrif á lyfhrif inclisirans. Skammtaáðlögun er ekki ráðlögð með tilliti til þessara lýðfræðilegu þátta.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Í rannsóknum á eiturvefnum eftir endurtekna skammta hjá rottum og öpum komu engar aukaverkanir fram (NOAEL) við stærstu skammta sem gefnir voru undir húð sem samsvarar töluvert mikið hærri útsetningu en hámarksútsetningu hjá mönnum. Smásjárskoðun í eiturefnarannsóknum náðu yfir frymisbólumyndun í lifrarfrumum hjá rottum og stórátfrumur í eitlum hjá öpum og lútsækin korn í lifrarfrumum hjá öpum og í nýrum hjá rottum og öpum. Þessar athuganir tengdust ekki breytingum á klínískum rannsóknargildum og eru ekki taldar skaðlegar.

Inclisiran var ekki krabbameinsvaldandi hjá Sprague-Dawley rottum eða TgRasH2 músnum sem fengu inclisiran í skömmtum sem voru talsvert stærri en meðferðarskammtar.

Hvorki stökkbreytandi né litningasundrandi áhrif sáust í röð prófana á inclisirani þ.m.t. prófun á stökkbreytingu hjá bakteríum, greiningu á litningafrávikum *in vitro* í eitilfrumum úr útæðablóði hjá mönnum og örkjarnagreiningu á beinmerg hjá rottum *in vivo*.

Rannsóknir á æxlun sem voru gerðar hjá rottum og kanínum gáfu ekki til kynna skaðleg áhrif á fóstur við stærstu skammta inclisirans sem gefnir voru og útsetning var töluvert mikið meiri en við hámarksskammta hjá mönnum.

Inclisiran hafði hvorki áhrif á frjósemi né æxlun hjá karl- og kvenkyns rottum sem fengu inclisiran fyrir meðgöngu og á meðgöngu. Skammtarnir tengdust altækri útsetningu sem var margfalt meiri en útsetning við meðferðarskammta hjá mönnum.

Inclisiran hefur greinst í mjólk hjá mjólkandi rottum; þó er ekkert sem bendir til altæks frásogs hjá afkvæmum á spena.

6. LYFJAGERRÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Vatn fyrir stungulyf
Natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig)
Óþynnt fosfórsýra (til að stilla sýrustig)

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins. Má ekki frjósa.

6.5 Gerð íláts og innihald

Áfyllt sprauta

1,5 ml lausn í áfylltri sprautu (gler, tegund I) með stimpiltappa (brómóbútýl, fluorotechúðað gúmmí) með nál og stífri nálarhlíf.

Pakkningastærð: ein áfyllt sprauta.

Áfyllt sprauta með nálarvörn

1,5 ml lausn í áfylltri sprautu (gler, tegund I) með stimpiltappa (brómóbútýl, fluorotechúðað gúmmí) með nál, stífri nálarhlíf og nálarvörn.

Pakkningastærð: ein áfyllt sprauta með nálarvörn.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Leqvio á að skoða fyrir gjöf. Lausnin á að vera tær, litlaus eða fölgul og í eðli sínu án agna. Ef lausnin inniheldur agnir á ekki að nota hana.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/20/1494/001
EU/1/20/1494/002

**9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR
MARKAÐSLEYFIS**

9. desember 2020

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Sandoz GmbH
Biochemiestrasse 10
6336 Langkampfen
Austurríki

Novartis Pharma GmbH
Roonstrasse 25
90429 Nürnberg
Þýskaland

Heiti og heimilisfang framleiðanda sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt viðkomandi lotu skal koma fram í prentuðum fylgiseðli.

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Lyfið er lyfseðilsskylt.

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

Markaðsleyfishafi skal leggja fram fyrstu samantektina um öryggi lyfsins innan 6 mánaða frá útgáfu markaðsleyfis

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• Áætlun um áhættustjórnun

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA FYRIR ÁFYLLTA SPRAUTU ÁN NÁLARVARNAR

1. HEITI LYFS

Leqvio 284 mg stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
inclisiran

2. VIRK(T) EFNI

Hver áfyllt sprauta inniheldur inclisiran natríum sem jafngildir 284 mg inclisiran í 1,5 ml af lausn.
Hver ml inniheldur inclisiran natríum sem jafngildir 189 mg inclisiran.

3. HJÁLPAEFNI

Inniheldur einnig: vatn fyrir stungulyf, natríumhýdroxíð og óþynnta fosfórsýru. Sjá fylgiseðil fyrir
frekari upplýsingar.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyf, lausn

1 áfyllt sprauta

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

Til notkunar undir húð.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Má ekki frjósa.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/20/1494/001 1 áfyllt sprauta

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Fallist hefur verið á rök fyrir undanþágu frá kröfu um blindraletur.

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á ÞYNNUM EÐA STRIMLUM
ÞYNNA FYRIR ÁFYLLTA SPRAUTU ÁN NÁLARVARNAR**

1. HEITI LYFS

Leqvio 284 mg stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
inclisiran
Til notkunar undir húð

2. NAFN MARKAÐSLEYFISHAFA

Novartis Europharm Limited

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. ANNAD

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA FYRIR ÁFYLLTA SPRAUTU MEÐ NÁLARVÖRN

1. HEITI LYFS

